

KIRKJUGARÐARÁÐ

29. fundur haldinn mánudaginn 11. apríl 2005 í fundarherbergi í húsnæði Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi.

Fundinn sátu: Ragnhildur Benediksdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð. Valtýr Valtýsson boðaði forföll.

Gestir fundarins voru: Biskup Íslands, Hr. Karl Sigurbjörnsson, og Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri.

Fundur var settur kl. 10:10.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Dagskrárliðum var hagrætt, þar sem biskup sat aðeins hluta fundar.

2. Samkomulag um framlag ríkissjóðs til starfsemi kirkjugarða

Hjalti Zóphóníasson skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu mun eiga fund með ráðherra og var formanni falið að hringja til að fá upplýsingar um hvernig undirskrift skuli hagað. Þurfti að gera smá leiðréttingar á samkomulaginu, sem fjármálaráðherra hefur samþykkt. Þórsteinn taldi eðlilegt að samninganefndinni yrði kynnt breytingin.

3. Kynning á umsóknum um styrki úr Kirkjugarðasjóði 2005

Guðmundur Rafn kynnti staði/verkefni sem sótt var um styrk til. Að þessu sinni bárust 70 umsóknir um styrk. Auk þess voru kynntar umsóknir sem höfðu fengið vilyrði um styrk í fyrra.

4. Fjárhagsáætlun Kirkjugarðaráðs

Sigríður Dögg Geirsdóttir kynnti. Formaður og Þórsteinn töldu eðlilegt að fella 700 þús. úr rekstri Kirkjugarðasjóðs inn í sjóð til ráðstöfunar fyrir framkvæmdastjóra vegna niðurlagðra garða. Framkvæmdastjóri mun gera grein fyrir nýtingu fjárens í lok hvers árs.

5. Efling sögustaða

Biskup taldi eðlilegt að Kirkjuráð og Kirkjugarðaráð ynnu saman að slíku verkefni. Fengist þá meiri slagkraftur. Styrkurinn er að fyrirmynd frá Húsafríðunarnefnd sem styrkir verulega einn stað í hverjum fjórðungi. Rætt var um verklagsreglur, að þær þyrftu að vera skýrar. Senda á erindið/verklagsreglurnar til Kirkjuráðs og tilkynna að Kirkjugarðaráð ætli að veita árlegan styrk til eflingar sögustaða. Var ákveðið að vinna verklagsreglurnar nánar og leggja þær síðan fyrir þarnæsta fund Kirkjuráðs. M.a. þarf að koma ferli vegna Kirkjugarðaráðs inn í verklagsreglurnar. Biskup vék af fundi eftir þennan lið.

6. Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði 2005

Var ákveðið að styrkur til Keldna yrði skilyrtur. Keldur fengju 200 þús. kr. í ár og 300 þús. kr. næstu tvö ár (2006 og 2007) með fyrirvara um að Þjóðminjasafnið komi að uppbyggingu traðanna í leiðinni. Ef safnið samþykkir það ekki verður að endurnýja umsókn á næsta ári. Formaður bað um að Guðmundur Rafn setti þetta inn í bréfið til umsækjenda. Þykkvibær fær 0 í ár, en 400 á næsta ári með því skilyrði að kirkjan komi á móti með framlag.

Fornleifavernd ríkisins sótti um styrk vegna skráningar á minningarmörkum í Eyjafjarðarprófastsdæmi og vék Kristín Huld af fundi þegar rætt um þá umsókn. Var veitt 200 þús. kr. til verkefnisins.

Að lokinni úthlutun vék formaður af fundi vegna jarðafarar.

Kirkjugarðar	Úthlutun 2005	Verkefni
Múlaprófastsdæmi		
Hof í Vopnafirði	700	Endurnýja umgjörð kirkjugarðsins
Hjaltastaðir	100	Greiða niður skuld við kirkju
Þingmúli	200	Stækkun og lagfæring
Austfjarðarprófastsdæmi		
Reyðarfjörður	200	Hlaða grjóttvegg
Skautafellsprófastsdæmi		
Bjarnanes	200	Ljúka framkvæmdum við kirkjugarðinn
Kálfafellsstaður	500	Bygging þjónustuhúss
Hof í Örafum	200	Gerð bílastæðis
Vík í Mýrdal	1.000	Til gagnberra endurbóta
Skeiðflöt/Sólheimakapella	200	Lagfæring á kapellu
Rangárvallarprófastsdæmi		
Eyvindarhólar	800	Gerð bílastæðis og lagfæring aðkomu.
Akurey	100	Göngustígur, tröppur og lýsing
Breiðabólstaður	200	Stækkun garðs og gerð bílastæðis
Stórólshvoll (Hvolsvöllur)	1.500	Gerð nýs kirkjugarðs
Keldur	300	Endurhlaða kirkjugarðsvegg
Oddi	600	Hönnun, hleðsla, tröppur o.fl.
Árnesprófastsdæmi		
Tungufell	300	Endurnýja girðingu o.fl.
Villingaholt	500	Gerð bílastæðis
Skálholt	800	Hleðsla, hellulögn o.fl.
Torfastaðir	1.100	Stækkun og endurbætur
Miðdalur	250	Greiða niður skuld við kirkju
Reykjavíkurprófastsdæmi		
Hólavallagarður	500	Lagfæra minningarm. og steypujárnsgr.
Borgarfjarðarprófastsdæmi		
Saubær á Hvalfjarðarströnd	500	Gerð bílastæðis
Stóri-Ás	450	Lagfæra garð og endurnýja girðingu
Snæfellsnes- og Dalapr.		
Staðarhraun	500	Greiða upp skuld
Fáskrúðarb v/Rauðamels	375	Greiða niður skuld
Staðastaður	100	Lagfæra klukknaport og girðingu
Ólafsvík	850	Stækkun og endurbætur á aðkomu
Grundarfjörður/Setberg	900	Endurbætur og stækkun

Snóksdalur	700	Endurnýja girðingu, sáluhlið o.fl.
Hjarðarholt/Búðardalur	1.000	Þjónustuhús, endurnýjun girðingar o.fl.
Skarð á Skarðsströnd	350	Greiða niður skuld og ljúka við girðingu
Barðastrandarprófastsdæmi		
Saurbær á Rauðasandi	500	Ljúka gagngerum endurbótum
Breiðuvík	240	Smíði sáluhliðs
Sauðlauksdalur	300	Greiða niður skuld
Ísafjarðarprófastsdæmi		
Holt í Öndarfirði	1.500	Lagfæra bílastæði, aðkomu og garð
Hnífsdalur	1.000	Gagngerar endurbætur á garðinum
Bolungarvík	700	Hellulögn og frágangur á minningarreit
Húnavatnsprófastsdæmi		
Hólmavík	800	Lagfæra girðingu, stíga, grafarsvæði o.fl.
Hvammstangi	1.000	Ný þjónustuaðstaða kirkjug.
Vesturhópshólar	400	Stækkun og lagfæring á girðingu
Þingeyrar	750	Þjónustuhús
Spákonufell/Skagaströnd	1.200	Gagngerra endurbóta á garðinum
Skagafjarðarprófastsdæmi		
Reynistaður	400	Lagfæra girðingu, sáluhlið og gangstíg
Glaumbær	100	Stækkun og lagfæring á garðflöt
Keta	200	Endurnýja umgjörð, sáluhlið o.fl.
Þingeyjarprófastsdæmi		
Grenivík	600	Þjónustuhús
Niðurlagðir kirkjugarðar		
Hallormsstaðir	300	Sögumerking og bæta aðkomu
Höfðabrekka í Mýrdal	600	Endurnýjun girðingar o.fl.
Úthlið í Biskupstungum	100	Gagnger lagfæring
Húsafell	200	Greiða skuld
Fell í Kollafirði	200	Ljúka lagfæringum
Staður í Grunnvík	400	Lagfæra garð og gamla hleðslu
Gamli garð. á Siglufirði	400	Söguskilti, lagfæring legsteina og gróðurs.
Annað		
KGSÍ v/upplýsinga og fræðslu	1.000	Fræðslumál og útgáfa Bautasteins
KGSÍ (In Mem) v/ gagnagr.	3.000	Söfnun legstaðaskr, skráning ítarefnis o.fl
KGSÍ v/rekstur	1.500	Heimasíða, undirb. norrænnar ráðst. o.fl.
Fornleifavernd ríkisins	200	Frumskráning minningarm. í Eyjafirði
SAMTALS:	33.565	

7. Drög að reglugerð um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu

Þórsteinn kynnti drögin sem styðjast við dönsku reglugerðina. Búið er að samþykkja reglur um stærð minningarmarka í kirkjugörðum Reykjavíkur og einnig síðareglur. Þórsteinn hvatti ráðuneytið til að ljúka vinnu við drögin og samþykkti ráðherra það. Reglugerðin er unnin hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma. Komu engar athugasemdir frá ráðuneyti. Eru nú að óska eftir umsögnum. Kirkjugarðaráð þarf að senda inn umsögn. Var ákveðið að aðrir en Þórsteinn kæmu með athugasemdir og kæmu þeim til Guðmundar Rafns. Var rætt um nauðsyn þess að bæta við grein um flutninga (6. grein), þ.e. hvernig ganga á frá kistum.

Formaður bar fram tillögu varðandi 7. grein vegna hættu á að gagnráður springi.

Tillaga formanns var sú að útbúnir yrðu gátlistar þar sem ættingjar eru spurðir hvort

maðurinn sé með gangráð. Var ákveðið að lögfræðingur Kirkjuráðs yrði beðinn um að lesa reglugerðina yfir áður en hún yrði send til ráðuneytisins.

8. Bréf til sóknarnefnda vegna nýrrar reglugerðar um greiðslu prestþjónustu-kostnaðar við útfarir

Þórsteinn kynnti erindið og kom fram að formaður Prestafélagsins og KGSÍ hafa komið sér saman um túlkun á reglugerðinni. Nefndi hann að nauðsynlegt væri að senda bréf til sóknarnefnda til að kynna þeim samþykktina. Kirkjugarðaráð tekur undir það.

9. Erindi frá héraðsfundi Múlaprófastsdæmis vegna uppmælinga og skráningar kirkjugarða

Guðmundur Rafn kynnti erindi sem Múlaprestakall samþykkti í fyrra um að ráða verkfræðinga til að skrá kirkjugarða. Guðmundur Rafn hefur látið þá vita að Kirkjugarðaráð hafi ráðið mann til mælinga og að ætlunin sé að mæla kirkjugarða í Múlaprestakalli í tengslum við stærðaútreikninga á gördum.

10. Ósk um umsögn vegna þingsályktunartillögu um varðveislu Hólavallagarðs

Var ákveðið að Guðmundur Rafn endursendi athugasemdir frá því í fyrra.

11. Önnur mál

Var ákveðið að Guðmundur Rafn hvetti Valtý Valtýsson til að ganga frá málinu varðandi greiðsluskiptingu sveitarfélaga og Kirkjugarðaráðs vegna frágangs við kirkjugarða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:00.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari